

KIRKJUGARÐARÁÐ

155. fundur haldinn mánudaginn 14. febrúar 2018 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir fundarins: Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur (undir lið 6) vegna umfjöllunar um greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar árið 2019.

1. Setning fundar.

Fundur settur kl. 10:00.

Fundargerðir tveggja síðustu funda lagðar fram. Samþykktar.

2. Endurnýjun á umboði kosinna fulltrúa í Kirkjugarðaráði

Umboð allra endurnýjað..

3. Kynning á umsóknum um styrki úr kirkjugarðasjóði 2019.

Framkvæmdastjóri kynnti.

4. Greiðslu og fjárhagsáætlun kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2019.

Framkvæmdastjóri kynnti. Ráðið samþykkti hana.

5. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2019.

Tillögur framkvæmdastjóra kynntar en þær fólu í sér að veitt yrði til ýmissa verkefna: Samtals 59 milljónum króna. Tillaga framkvæmdastjóra samþykkt.

Smári Sigurðsson vék af fundi þegar umsókn Akureyrarkirkjugarðs var tekin fyrir og Þórsteinn Ragnarsson vék af fundi þegar umsókn KGSÍ var tekin fyrir. Tillögur framkvæmdastjóra samþykktar.

Kirkjugarður	Úthlutun 2019	Verkefni
Austfjarðarprófastsdæmi		
Reyðafjarðarkirkjugarður	1.700	Ganga frá aðkomu og umhverfi þjónustuhúss
Fáskrúðsfjarðarkirkjugarður	3.500	Til viðgerða og fegrunar á kirkjugarðinum
Stöðvarfjarðarkirkjugarður	1.700	Ljúka framkvæmdum við stækkun og lagfæringu garðs
Suðurprófastsdæmi		
Hafnarkirkjugarður v/Stafafell	1.500	Endurnýja timburgirðingu umhverfis garðinn á Stafafelli.
Ásólfskálakirkjugarður v/Holt	1.300	Ljúka við að girða og greiða niður skuld/Holtskirkjugarðs.

Kirkjugarður	Úthlutun 2019	Verkefni
Stóra-Núpskirkjugarður	1.400	Greiða niður af skuldabréfi vegna láns garðsins frá kirkjunni.
Þingvallakirkjugarður	900	Endurtyrfa garðinn sem hefur traðkast niður vegna ágangs.
Vesturlandsprófastsdæmi		
Borgarkirkjugarður á Mýrum	2.700	Ganga frá stækkun, afmarka hana og leggja harðbalastíg.
Lundarkirkjugarður	1.400	Endurvinna hellulagt svæði vegna bilunar í snjóbræðslulögn
Stafholtskirkjugarður	2.000	Ljúka við að endurnýja timburgirðingu umhverfis garðinn.
Ingjaldshólskirkjugarður	3.500	Lagfæra að hluta gamlan steiptan vegg um kirkjugarðinn
Snóksdalskirkjugarður	3.000	Greiða niður skuld við kirkjuna og endurnýja sálhlið.
Kvennabr. v/Sauðafellskirkjugarðs	1.700	Hlaða upp vesturhlið kirkjugarðsins á Sauðafelli
Hjarðarholtskirkjugarður	3.500	Greiða niður skuld við banka og endurnýja sálhlið.
Vestfjarðarprófastsdæmi		
Reykhólakirkjugarður	1.200	Ljúka við upps. girðingar, bæta aðgengi og útbúa söguskilti
Hólmavíkurkirkjugarður v/Staður	1.400	Bæta aðgengi og hefja endurnýjun á umgjörð Staðarkg.
Húnav- og Skagafjarðarpr		
Víðidalstungukirkjugarður	400	Endurnýja ljós og girðingu utan um kirkjugarðinn.
Blönduóskirkjugarður	1.800	Lagfæra steiptan vegg umhverfis kirkjugarðinn.
Höskuldsstaðakirkjugarður	300	Setja upp söguskilti og gera við gömul minningarmörk.
Fellskirkjugarður	500	Fylla undir girðingu og aðlaga að umhverfinu.
Eyjafj- og Þingeyjarpróf.		
Kg. Dalvíkur.pr. v/Tjörn	1.400	Endurnýja girðingu og ganga frá stækkun á Tjarnarkirkjug.
Kg. Möðruvallakl.pr. v/Möðruv,Myrká	1.500	Endurnýja timburgirðingu á Mýrka og Möðruvöllum.
Kirkjugarðar Akureyrar	4.500	Endurnýja lýsingu og koma fyrir vatnspóstum og söfnunarp.
Kg.Laugal. pr. v/Munkaþverá	1.500	Endurnýja að hlut girðingu umhverfis Munkaþverárkirkjugarður.
Svalbarðseyrarkirkjugarður	1.200	Greiða niður skuld við sveitarfélagið.
Kirkjugarðar aflagðir eða án sóknar.		
Hvollskirjugarður Saurbæ	500	Til að endurgirða og lagfæra niðurlagða garðinn á Hvoli.
Staðarkirkjugarður í Grunnuvík	400	Til að hreinsa og lagfæra kirkjugarðinn á Stað í Grunnuvík.
Annað		
KGSÍ v/þjónustusam.	8.300	Framlenging á þjónustusamningi.
KGSÍ v/uppfærslu á gardur.is	1.500	Uppfærsla tölvukerfa gardur.is
Gömul járnminningarmörk	800	Til lagfæringar á gömlum járnminningarmörkum.
Óráðstafað	2.000	Til ráðstöfunar í styrki seinn á árinu ef með þarf.
SAMTALS:	59.000	

6. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2019 og einingarverði vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar.

Jóhannes Finnur Halldórsson kynnti. Ákveðið var að bera saman hver hlutföllin voru á grafarkostnaði og prestsþjónustukostnaði árið 2003 miðað við daginn í dag. Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir að Jóhannes Finnur sinni því verkefni. Einingaverðið samþykkt samhljóða.

Gildir 2019	Umhirðutekjur á fermetra	Grafartekjur á gröf	Viðb.fermetrar v/grafar
	<i>nettó (kr/m²)</i>	<i>nettó</i>	
Stærðarflokkur 1	171	98.653	3
Stærðarflokkur 2	171	98.218	4
Stærðarflokkur 3	256	98.143	5
Stærðarflokkur 4	418	89.818	5
Stærðarflokkur 5	594	88.674	7,5
Stærðarflokkur 6	709	87.613	7,5
Stærðarflokkur 7	709	87.591	9,5
Stærðarflokkur 8	882	88.473	9,5
Stærðarflokkur 9	882	82.486	9,5
Stærðarflokkur 10	882	83.890	9,5
Stærðarf. 11 duftker	905	65.3	1,5

7. Höfðakirkjugarður Grýtubakkahreppi – leyfi til grafartöku.

Framkvæmdastjóri framsendir svar Minjastofnunar til Valgerðar Sverrisdóttur, en Minjastofnun mælti með að leyfið yrði veitt.

8. Ársreikningur kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2017.

Samþykktur og undirritaður.

9. Umboð fyrir féhirði kirkjugarðasjóðs Vigdís Helgu Eyjólfsdóttur að beiðni Arionbanka.

Samþykkt og undirritað.

10. Næsti fundur.

Verður haldinn 14. mars kl. 14:00.

11. Önnur mál.

Kristín Huld greindi frá að Minjastofnun hefði fengið styrk frá Byggðastofnun til að vinna gagnagrunn um minningarmörk í Kirkjugörðum. Verkefnið er vistað á Djúpavogi. Það fékkst einnig fjármagn til að færa skráningu minningarmarka inn í grunninn. Sú vinna hefst væntanlega í mars.

Fundi slitið kl. 15:25.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari